

Blóðbanki FSA og blóðbíll Rauða krossins, upplýsingar fyrir nemendur og starfsfólk MA

Nokkrar leiðbeiningar, spurningar og svör.

Við fyrstu komu í blóðbankann er tekið blóðsýni til mælingar á blóðrauða. Við næstu komu gefa þeir einstaklingar blóð sem það vilja og geta, annars er einungis tekið annað blóðsýni og blóðflokkun staðfest.

Þeir sem ekki mega gefa blóð;

Þeir sem eru innan við 50 kg. eða léttari.

Þeir sem hafa verið stungnir í húð t.d. tattú eða fengið göt fyrir hringi eða merki síðustu 6 mánuði. Þetta miðast við stungur sem gerðar eru af öðrum en heilbrigðisstarfsfólki

Þeir sem eru á ákveðnum lyfjum og eru með sjúkdóma. Frekari upplýsingar er að finna vef Rauða krossins.

Hvenær fæ ég svo að vita í hvaða blóðflokki ég er?

Það getur liðið nokkuð langur tími því það þarf að endurtaka blóðprufuna og síðan fá niðurstöður og ganga frá skráningu.

Ef til vill tekur ferlið mánuð. Ekki eru lengur gefin út endanleg blóðkort, heldur er einstaklingurinn skráður hjá Blóðbankanum.

Við blóðgjöf eru teknir um það bil 450 ml. af blóði hverju sinni. Það er minna en $\frac{1}{10}$ af blóði líkamans. Allt blóð sem notað er til blóðgjafar er skimað fyrir lifrabólguveirum B og C svo og fyrir HIV 1+2 (alnæmisveirum).

Grunnskilyrði fyrir vali á blóðgjöfum eru:

Aldur: 18 ára til 60 eða 65 ára.

Blóðrauði: konur >125g/l

karlar >135g/l

Þyngd: > 50-55kg

Blóðþrýstingur: Diastole > 50 <100 =þanþrýstingur

Systole >105 <160 =Slagþrýstingur

Nokkar spurningar og svör:

Hve oft má gefa blóð?

Um það bil 4x á ári hjá körlum, en 3x á ári hjá konum.

Hvað tekur langan tíma að taka blóð?

Það tekur um það bil 7-10 mín. Boðið er upp á safu á undan og kaffi á eftir svo best er að reikna með 30-50 mín þegar farið er til að gefa blóð. Eftir mjög stutta stund hefur nægjanlegt vatn bæst inn í blóðrásina til að bæta upp rúmmálið sem tekið var.

Verð ég þreytt(ur) af að gefa blóð?

Nei, þú myndar stöðugt nýtt blóð. Eftir viku er kominn eðlilegur fjöldi blóðkorna í blóðið.

Get ég stundað íþróttir eftir blóðgjöf?

Já, þú mátt stunda allar íþróttir en skalt forðast þrekæfingar fyrstu klst. eftir gjöf. Ef þú keppir í íþróttum skaltu reikna með að þolið geti verið minna fyrstu vikuna eftir blóðgjöf.

Eru gerðar rannsóknir á blóðinu?

Já, bæði þín vegna og þeirra sem taka við blóðinu. Það er flokkað, mælt magn blóðrauða og leitað að lifrabólgu og eyðni.

Ætti ég hugsanlega ekki að gefa blóð?

Ef þú ert frísk(ur) er ekki ástæða til að forðast blóðgjöf, en ef þú telur þig vera í áhættuhópi gagnvart blóðsmiti áttu ekki að gefa blóð.

Af hverju þarf ég alltaf að fylla út heilsufarsskýrslur?

Við viljum að þú leiðir hugann að þáttum er varða öryggi þitt og blóðþegans og takir ábyrga afstöðu til þess hvort rétt sé að þú gefir blóð.

Hverjir græða á því að ég gefi blóð?

Blóðbankinn er sameign okkar allra og hafir þú gefið blóð hefur þú hjálpað einhverjum sem þurfti á þínu blóði að halda. Einhvern tíma gæti komið að því að þú yrðir sjálf(ur) í þeirri aðstöðu að þurfa blóðgjöf og þá er eins gott að það sé tiltækt.

Upplýsingar frá Blóðbankanum á FSA í samantekt Kristínar líffræðikennara.

